



Hafnarfirði 9. maí 2022.

## Minnisblað vegna fjölgunar leikskólarýma

Við á umhverfis- og skipulagssviði höfum skoðað þann möguleika að fjölga leikskólalássum í Hafnarfirði með gámahúsum, fengum tilboð í þannig hús frá Stólpa Gám, Hentugasta lausnin er 75 fm húsnaði með einu stórum sal og í anddyri er salerni og aðstaða fyrir útiföt.

Eldhúskrók þarf að koma fyrir í sameiginlega rýminu.

Hægt er að skipta því rými upp, en er ekki inni í kostnaði frá birgjanum. Verðið af þessari einingu er um 15 milljónir króna á hús.

Fyrir utan þennan kostnað er m.a. sökkull fyrir húsin, að tengja inn rafmagn, heitt og kalt vatn og ljósleiðara, og tengja húsið við fráveitukerfi. Stefán Eiríkur á sviðinu mat þann kostnað á 8-10 milljónir króna á hús og fer kostnaðurinn eftir staðsetningu þeirra og lengd tenginga við lagnir. Ekki er stofnbúnaður inni í þessum kostnaði, eða miklar breytingar á þessari einföldu einingu.

Samhliða kaupum á húsum þarf að vinna að frekara skipulagi við staðsetningu þeirra á lóð einstakra leikskóla og fara í gegnum þá ferla sem því fylgir.

Heildarkostnaður á hús er ca 25 milljónir króna án stofnbúnaðar.



Sigurður Haraldsson  
SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS

Norðurhella 2 | 221 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)